

HAUKUR ÞORGEIRSSON

Fyrstu rímnaskáldin

1. Inngangur

Í 500 ár voru rímur ein þeirra bókmenntagreina sem Íslendingar lögðu mesta rækt við, ef til vill sú allra ástsælasta þegar litid er til fjölda og umfangs varðveittra verka og handrita. Upphaf rímnanna má rekja til 14. aldar þegar skáldin tóku til við að fella vinsælar sögur í vandað bundið mál. Endarímaðir bragarhættir í líkingu við þá sem tíðkuðust í Evrópu voru þá bræddir saman við íslenskar reglur um ljóðstafi og hrynjandi. Í deigluna var einnig hellt nokkru af málsnilld og skáldamáli dróttkvæðanna en ekki í þeim mæli að textinn yrði verulega torskilinn. Ef til vill má líta á rímurnar sem eins konar málamiðlun milli smekks alþýðunnar og íhaldssamra lærðra manna. Þær voru nógu aðgengilegar og skemmtilegar til að ná vinsældum en einnig nógu vandaðar til að vert þótti að rita þær á bókfell — ólíkt því sem var með sagnadansa og þulur.

Það veldur jafnan vandræðum í rannsóknum á rímum fyrir siðaskipti hversu lítið er vitað um aldur og höfunda verkanna. Á síðmiðöldum tíðkaðist það lítt á Íslandi að halda nöfnum höfunda til haga og rímurnar verða ekki heldur tímasettar eftir tengslum við sögulega atburði. Hins vegar er erfitt að skrifa bókmenntasögu án þess að hafa einhverja hugmynd um tímaröð verkanna. Málsöguleg einkenni eru helsta haldreipi fræðimanna til að tímasetja rímur en nokkuð hefur skort á að heildstæðar athuganir á þeim séu settar fram með skipulegum hætti. Hér er reynt að bæta úr þessu með úttekt á þeim einkennum sem að mestu gagni koma og rímunum raðað eftir þeim.

Annað atriði sem við vildum gjarnan hafa einhverja glóru um er hvaða verk kunni að vera eftir sama skáld. Fyrri fræðimenn hafa stundum bent á að tilteknir rímnaflakkar hafi athyglisverð samkenni í stíltökum eða orðaforða og gert því skóna að sami höfundur hafi verið að verki. Með nýlegum aðferðum, svokallaðri stílmælingu, er gerlegt að bera saman orðtíðnimynstur texta til að meta slíkar tilgátur. Sums staðar er hægt að renna verulegum stöðum undir hugmyndir um að sama miðaldaskáldið hafi ort fleiri en einn varðveittan rímnaflokk.



Í þessari grein er fyrst gefið yfirlit um fyrri rannsóknir á aldri miðaldarímna. Síðan er grein gerð fyrir unglegum aldurseinkennum í 59 rímna-flokkum frá síðmiðöldum (frá um 1350 til um 1550) og rímunum skipað í aldursröð eftir tíðni þeirra. Að lokum er stílmælingarlegum aðferðum beitt til að prófa fyrri tilgátur um að tiltekna rímur eigi sama höfund og reynast þær flestar fá byr undir báða vængi.

2. Fyrri rannsóknir á aldri og máli rímna

Fyrsti fræðimaður sem fjallaði skipulega um miðaldarímur sem heild í málsögulegu samhengi var Konráð Gíslason (1808–1891). Markmið Konráðs var ekki að tímasetja einstaka rímnaflokkka heldur að skoða ákveðin atriði í þróun íslensks máls eins og þau komu fram í rímunum. Hann athugaði þar sum þeirra einkenna sem hér koma við sögu, svo sem samrímanir *i* við *y* og styttingu langra samhljóða í bakstöðu. Fyrirlestra sína um rímur flutti Konráð 1882 og 1883 en þeir voru prentaðir nokkrum árum eftir dauða hans (Konráð Gíslason 1897:144–215).

Nokkrum árum eftir fyrirlestra Konráðs birti Jón Þorkelsson (1822–1904) doktorsritgerð sína, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Hann gefur þar yfirlit um íslenskar rímur frá miðöldum og gerir nokkrar athugasemdir um aldur þeirra. Jón nefnir þar fyrst *Ólafs rímu Haraldssonar* í Flateyjarbók en segir svo að til séu fleiri rímnaflokkar sem virðist vera jafnfornlegir og nefnir þar *Sörla rímur*, *Þrændlur* og *Ormars rímur* (Jón Þorkelsson 1888:122). Jón segir að áreiðanlegasta haldreipið við aldursgreiningu rímna sé málfræðin en að nánari athugun á máli rímnanna verði varla gerð að svo stöddu enda séu rímurnar enn flestar óprentaðar. Hann nefnir þó eitt málsögulegt einkenni en það er samrímun á *e* og *e* sem Jón sýnir dæmi um úr *Filippó rímum* og úr *Skáld-Helga rímum* (Jón Þorkelsson 1888:122–123).

Finnur Jónsson lagði mikið af mörkum til aldurssetningar rímna. Í þriðja bindi bókmenntasögu sinnar, sem út kom 1902, skipti hann miðaldarímum í tvo flokka eftir aldri — fyrir og eftir 1450. Auk þess gerði hann ýmsar athugasemdir um aldur einstakra rímnaflokkka. Finnur setur fram þrjár greinar um aldurseinkenni rímna. Sú fyrsta er um fjölbreytni í bragarháttum en handa taldi Finnur aukast eftir því tímar liðu:

Efter en nøjagtig undersøgelse er jeg kommen til det resultat, at afvekslingen i versemaal indenfor et hele er et sikkert **kriterium** på rimernes **alder**. Jo større afvekslingen er, desto yngre er de. (Finnur Jónsson 1902:29)





Annar flokkur aldursgreinandi einkenna er mállegs eðlis og um þetta segir Finnur margt skynsamlegt í knöppu formi. Hann nefnir fyrst almenn einkenni á miðaldarímum, svo sem tiltekin tökuorð úr lágbýsku og að enn er ort í samræmi við forna hljóðdvöl (Finnur Jónsson 1902:30–31). Síðan setur hann fram þau einkenni sem hann telur skilja á milli rímna sem ortar eru fyrir eða eftir 1450. Einkenni á yngri rímum telur Finnur eftirfarandi:

Aðgreining *y/ý/ey* og *i/í/ei* glatast.

Hin forna ending *-r* kemur fram sem *-ur* í lok vísuorðs.

Í lok orða styttist *-rr* í *-r* á eftir stuttu sérhljóði.

Híð forna *é* tekur að ríma við *e*.

Ákveðin tökuorð sýna yngri uppruna — t.d. *svoddan*, *strax* og *reisa* (í merk-ingunni ‚ferð‘).

Þriðja höfuðeinkenni yngri rímna taldi Finnur vera að hafa langa mansöngva fyrir rímunum (Finnur Jónsson 1902:32).

Um einkenni Finns er það að segja að hann hefur án efa rétt fyrir sér í höfuðdráttum. Hins vegar held ég að þróunin í átt til fjölbreyttari brag-arháttu og lengri mansöngva sé ekki nógu reglubundið fyrirbæri til að aldurssetja rímur eftir með neinni vissu. Þegar á elsta stigi rímnagerðar er svo að sjá að margir bragarhættir séu til og skáld sem notuðu fáa bragarháttu voru áfram fyrir hendi þótt meiri fjölbreytni kæmist í tisku. Um mansöngvana er það að segja að þeir hafa oft slípast af í varðveislunni því að ekki höfðu allir skrifarar eða kvæðamenn smekk fyrir þeim. Þótt enginn mansöngur sé varðveittur er því ekki á það að treysta að rímurnar séu gamlar.

Þau fimm málfarslegu einkenni sem Finnur telur einkenna yngri miðaldarímur eru öll hin gagnlegustu og raunar eru þau uppistaðan í þeirri rannsókn sem hér birtist. Finnur birti hins vegar enga kerfisbundna athugun á þessum einkennum — taldi ekki fjölda hvers og eins og nefnir þau ekki við umfjöllun um einstaka rímnaflökka nema endrum og sinnum.

Í annarri útgáfu bókmenntasögu Finns 1924 er kaflinn um aldurs-einkenni rímna efnislega eins. Hins vegar hefur þar bæst við umfjöllun um rímur tímabilsins 1450–1550.

Árið 1934 birti Björn Karel Þórólfsson sína miklu rannsókn og doktors-rit *Rímur fyrir 1600*. Þar tekur hann sér fyrir hendur að raða öllum rímum fyrir 1600 í aldursröð. Röðin byrjar á *Sörla rímum*, *Ólafs rímu*





Haraldssonar og Völsungs rímum en endar með *Hermóðs rímum*, *Rímum af Ásmundi flagðagæfu* og *Arnar rímum* (Björn K. Þórólfsson 1934:294–516). Björn ræðir nokkuð um aldurseinkenni rímna og nefnir flest af því sama og Finnur en hann leggur meiri áherslu á það sem honum virðist vera hnignun í skáldamáli eftir því sem fram líða stundir (Björn K. Þórólfsson 1934:284–294).

Í umfjöllun sinni um einstaka rímnaflokkna nefnir Björn ekki aldurseinkenni nema stöku sinnum. Umræðan verður á köflum dálítið huglæg eins og þar sem Björn skrifar um *Sörla rímur*:

Það teljum vjer öruggast merki um aldur Sörlarímna, að mál þeirra er svo fornlegt og eðlilegt um leið, að vart munu neinar rímur aðrar hafa þetta hvorttveggja til jafns við þær. Slíkt er örðugt að sýna með einstökum dæmum, en þetta virðist greinilegt ef Sörlarímur allar eru bornar saman við aðrar rímur (Björn K. Þórólfsson 1934:297–298).

Við doktorsvörn Björns fjölluðu báðir andmælendur nokkuð um aldurssetningar hans. Sigurður Nordal taldi það galla á bókinni að við hverja rímu væri ekki gerð sérstök grein fyrir flokkun hennar í aldursröðinni. Alexander Jóhannesson taldi að Björn hefði ekki tekið nægilegt tillit til málfræðilegra rannsókna við tímasetningu rímnanna (*Doktorsvörn Björns K. Þórólfssonar*).

Í aldurssetningum sínum var Björn mjög á sama máli og Finnur Jónsson og vandfundinn er sá rímnaflokkur sem þá greinir verulega á um. Þannig taldi Finnur til dæmis *Áns rímur* til tímabilsins 1450–1550 og gaf þær ekki út í *Rímnasafni*. Björn skipaði þeim einnig aftarlega í sinni röð.

Í aldursgreiningu Björns er fyrst og fremst um afstæða tímasetningu að ræða — það er að segja að einn rímnaflokkur sé eldri en annar. Hins vegar reyndi Björn einnig fyrir sér með aldurssetningar með ártölum en hafði fátt við að styðjast. Helst notaðist hann við þá hugmynd að sá Ormur sem orti *Vilmundar rímur* hafi verið Ormur Loftsson (sbr. einnig Finn Jónsson 1924:138; Jón Þorkelsson 1888:273–275) og þar sem skáldið segist vera 57 ára þegar rímurnar eru ortar og miðað við það sem ætla mátti um aldur Orms Loftssonar væru rímurnar þá ekki ortar síðar en 1464 (Björn K. Þórólfsson 1934:409–410). Þetta tímatal notaði Björn síðan sem viðmið en það er því miður reist á sandi eins og Páll Eggert Ólason (1944:34–35, 393) sýndi fram á og Björn féllst svo á sjálfur (Björn K. Þórólfsson 1950:184–185) enda mun Ormur Loftsson aldrei hafa orðið svo gamall. Um þetta hefur öllum komið saman síðan (Ólafur Halldórsson 1975:22–28).





Í útgáfum Ólafs Halldórssonar á fernum íslenskum miðaldarímum er vönduð umfjöllun um málstig og ætlaðan aldur hvers rímnaflokks. Ólafur tímasetur *Haralds rímur Hringsbana* svo að þær séu „e. t. v. ortar um 1400 og naumast síðar en um 1450“ (Ólafur Halldórsson 1973a:17) og telur þær þar með eldri en Finnur og Björn gerðu. Sama er að segja um *Áns rímur bogsveigis* sem Ólafur taldi ortar „snemma á 15. öld“ (Ólafur Halldórsson 1973b:74) en Finnur og Björn töldu þær ortar eftir 1450.

Bósa rímur taldi Ólafur ortar um 1500 og er þar á svipuðum slóðum og fyrri fræðimenn (Ólafur Halldórsson 1974:21). Um *Vilmundar rímur* hefur áður verið fjallað en Ólafur taldi „sennilegast að þær hafi verið ortar ca. 1530–1540“ (Ólafur Halldórsson 1975:24). Af þessum fernum rímum má þá sjá að í þremur tilfellum af fjórum voru niðurstöður Ólafs um aldur rímnanna verulegar ólíkar þeim sem Björn og Finnur komust að.

Árið 1987 gáfu Rudolf Simek og Hermann Pálsson út *Lexikon der alt-nordischen Literatur* en þar fá sérhverjar miðaldarímur sitt uppflettiorð og stuttlega umfjöllun. Bókin kom svo aftur út í endurskoðaðri mynd 2007 og miða ég við þá gerð hér. Rit þetta er yfirlitsrit og aðallega ætlað að taka saman stöðu þekkingar fremur en að komast að nýjum niðurstöðum. Greinilegt er að í umfjölluninni um miðaldarímur er mest stuðst við Björn Karel Þórólfsson en athyglisvert er að hér er oft reynt að slá ártölum á einstaka rímnaflokka. Þannig eru til dæmis *Sörla rímur* sagðar frá um 1350 og *Skíða ríma* frá um 1400. Hins vegar eru *Áns rímur* sagðar frá fyrri hluta 16. aldar í andstöðu við niðurstöður Ólafs Halldórssonar. Ekki er gott að vita hvort þetta er fremur af vangá eða að athuguðu máli.

Í doktorsritgerð minni 2013 gerði ég tilraun til að raða miðaldarímum í aldursröð en lét aðeins örstutta umfjöllun fylgja (Haukur Þorgeirsson 2013:247–259). Eins og Björn Karel áður skipti ég rímunum í fjóra aldursflokka en ég reyndi að miða þá við aldarhelminga. Sú athugun sem hér lítur dagsins ljós er framhald af þeim rannsóknum sem ég hafði þá hafið en ég hef orðið margs vísari síðan.

Í grein sem birtist 2017 hefur Teresa Dröfn Njarðvík fjallað mjög ítarlega um aldur *Ölvis rímna*. Athyglisverðasta nýjungin í greininni er að tilraun er gerð til að skoða á kerfisbundinn hátt með hvaða rímum *Ölvis rímur* eigi helst sameiginlegt skáldamál enda væri þess að vænta að rímur frá sama tímabili hafi tilhneigingu til samkenna í orðafari. Þessi aðferð er að mestu óháð hinni málfræðilegu rannsóknaraðferð og athyglisvert





væri að vita hvaða niðurstöður fengjust ef henni væri beitt í einhverri mynd á allt safn miðaldarímnanna. Slík rannsókn væri hins vegar mikil vinna og vandasöm.

3. Aldursgreinandi einkenni

3.1 Hvernig einkenni henta til aldursgreiningar?

Málsögulegar breytingar geta átt sér ýmsar birtingarmyndir í skáldskap og henta misjafnlega vel sem aldursgreinandi einkenni. Sumar breytingar ganga hratt yfir allt landið en aðrar geta verið mállýskubundnar í lengri eða skemmri tíma. Þá er hætt við að tvö samtíða skáld hafi mismunandi málstig og er jafnan nokkuð hætt við að slíkt skekki myndina. Þennan varnagla er rétt að hafa í huga en almennt virðist þó mállýskumunur á Íslandi jafnan hafa verið lítill.

Sumar málbreytingar eru þess eðlis að skáldin eru meðvituð um þær og hafa tök á að nýta sér fornar myndir eftir hentugleika. Þannig eru mörg dæmi um að sama skáldið rími hið forna *vá* (sbr. fornísl. *váttur*, nýísl. *vottur*) við *á*, *ó* eða *o* eftir þörfum. Athyglisvert er að Kálfur skáld rímar *vá* oft við *ó* í *Völsungs rímum* en aðeins við *á* í *Katrínardrápu* og gæti hugsast að skáldið hafi talið fornlegra málsnið henta betur í eldri bókmenntagrein. Vant er að treysta á einkenni sem geta þannig stýrst af smekk manna enda er greinilegt að ef reynt er að tímasetja rímur eftir því við hvað *vá* er rímað kemur það aðeins að takmörkuðu leyti saman við traustari einkenni.

Annað dæmi um einkenni sem stýrist trúlega fremur af smekk en málsögulegri þróun er stuðlun *j* við sérhljóða. Segja má að þetta sé fornlegt einkenni og vissulega dregur smám saman úr því. Eigi að síður var það enn alþekkt á 16. öld að *j* gat stuðlað við sérhljóða og hver sem er gat nýtt þetta eins og hann vildi. Það er enda óspart gert í *Brönu rímum* þótt þær séu greinilega meðal allra yngstu rímna sem hér er um fjallað.

Traustari unglegri einkenni eru þau sem fela í sér að eitthvað tvennt í málinu rennur saman þannig að það verði ekki greint aftur í sundur. Þetta eðli hefur til dæmis samruni *y* og *i*. Þegar þetta tvennt er einu sinni runnið saman í málinu er jafnvel íhaldssömu skáldi erfitt um vik að halda því í sundur. Það er einnig kostur á slíkum samrunabreytingum að þær má gjarnan greina í stafsetningu handrita. Þannig er hægt að sjá hvenær ruglingur milli *y* og *i* kemur fyrst fram í handritum og vænta má að hann komi fyrst fram í kveðskap um svipað leyti. Handritin er sum hægt að





tímasetja býsna nákvæmlega, auðvitað ekki síst dagsett skjöl. Þar með má verða einhverju nær ekki aðeins um afstæðan aldur rímnanna heldur um tiltekin tímabil.

Til hvers einkennis sem notað er til aldursgreiningar má gera tvær kröfur. Annars vegar ætti einkennið að hafa tengingu við einhverja fasta punkta fyrir utan rímurnar sjálfar — til dæmis þekktá þróun í málsöggunni. Gott er ef hana má greina í stafsetningu handrita en einnig kemur að gagni samanburður við þróunina í kvæðum sem eignuð eru tilteknum höfundum. Seinni krafan er að hvert gott einkenni ætti að koma vel saman við önnur góð einkenni. Af þeim töflum sem hér birtast er auðvelt að sannfæra sig um þetta.

Í þeim köflum sem hér fara á eftir lýsi ég nánar þeim málsögulegu einkennum sem ég notast við til að raða rímunum í aldursröð.

3.2 Stytting samhljóða í bakstöðu

Í forníslensku enduðu ákveðnar beygingarmyndir nafnorða, lýsingarorða og sagnorða á tvöföldu samhljóði — til dæmis karlkynsmyndirnar *berr*, *stórr* og *fúss*, nefnifallsmyndirnar *herr*, *þórr* og *þjónn* og þriðju persónu sagnmyndirnar *ferr*, *skínn* og *vill*. Þessar myndir styttust síðan þannig að úr varð *ber*, *stór*, *skín* og svo framvegis. Gangi breytingarinnar hef ég lýst ítarlegar annars staðar (Haukur Þorgeirsson 2019–2020).

Málbreyting þessi er hin nýtilegasta til tímasetningar og kemur þar þrennt til. Í fyrsta lagi kemur hún vel fram í stafsetningu handrita og þar má sjá að hún gerist að mestu við upphaf 15. aldar. Enn fremur kemur hún mjög oft fram í rími og þá fyrst og fremst stytting *rr* sem verður í mörgum algengum orðmyndum. Í þriðja lagi er hér um að ræða samruna í málinu og ólíklegt er að skáldin hafi á valdi sínu að herma eftir eldra málstigi þegar breytingin er einu sinni gengin í gegn.

Ekkert rímnahandrit annað en Flateyjarbók gerir þann forna greinarmun sem um ræðir í stafsetningu enda eru hin öll rituð eftir að breytingin er gengin yfir. En það er greinilegt að sumar varðveittar rímur eru ortar fyrir breytinguna. Sem dæmi má taka tvær vísur úr *Mábilar rímum* og hér miða ég stafsetninguna við að breytingin sé ekki orðin:

Garpurinn keypti af gyðju hjör
er gekk fyrir einu blóti.
Þau eru lyf með lækning gjör
eð lágu í sverðsins klóti.





„Merkilega er mækir gjörr,“
 mistin talaði spanga,
 „þann skal aldrei hinn hvassi hjörr
 hendi mér firr ganga“. (*Mábilur rímur* III.38, 40)

Hér rímar þolfallið *hjör* við hvorugkynsmyndina *gjör* en nefnifallið *hjörr* rímar við karlkynsmyndina *gjörr*.

Sem dæmi um rímur þar sem mörg merki eru um að samhljóð í bakstöðu hafi styst eru *Króka-Refs rímur*:

Drepnir eru hér drengir mín,
 dauðans kann þegnar þín,
 liggur þú með letinni þín,
 lítil frægð í þessu skín.

Kemur að manni kátlegt raus
 kuggurinn er nú drykkjarlaus
 þunglega við mér þjóðin hnaus
 þrauta élið svall og fraus.

Vill nú Bárður vekja styr
 um vetur er leið að jólum
 seggja tunga er sjaldan kyrr
 sátu menn á stólum. (*Króka-Refs rímur* II.11., IV.3, V.24)

Þessi dæmi benda til að fornu myndirnar *skínn*, *lauss* og *kyrr* séu orðnar *skín*, *laus* og *kyr* í máli skáldsins. Rímurnar eru því ekki meðal hinna elstu.

3.3 Samrímun é og e

Nokkuð er varðveitt af kveðskap frá 14. öld eftir nafngreinda menn sem vitað er hvenær voru á dögum. Í þeim kvæðum er *é* og *e* haldið í sundur í rími. Til dæmis má þar finna mörg tilfelli þar sem *étt* er rímað við *étt* en aldrei við *ett*:

eru rétt um þat sannar fréttir	Arngrímur Brandsson, <i>Guðmundardrápa</i> 12
boginn réttiz en hrjúfir sléttaz	Árni Jónsson, <i>Guðmundardrápa</i> 6
rétt fáganda valdar stéttir	Árni Jónsson, <i>Guðmundardrápa</i> 22
réttara sinn í Þrándheim sléttan	Árni Jónsson, <i>Guðmundardrápa</i> 51
hávum stétt ok byrði léttaz	Árni Jónsson, <i>Guðmundardrápa</i> 54
furðu rétr af boðorða stéttum	Árni Jónsson, <i>Guðmundardrápa</i> 56
góins stéttar þeim létti	Einar Gilsson, <i>Selkolluvísur</i> 18
hirð léttanda sönnum rétti	Einar Gilsson, <i>Hrynhenda um Guðmund</i> 15





Frá 15. öld eru ekki til kvæði sem eru með öruggum hætti eignuð nafn- greindum mönnum sem við vitum nokkur deili á. En frá fyrri hluta 16. aldar eru nokkur slík nafnkunn skáld. Munar þar mest um Hall prest Ögmundarson en hans er fyrst getið í heimildum 1501 — er þá orðinn prestur — og síðast 1554. Eftir Hall eru varðveitt löng helgikvæði og af þeim má sjá að *étt* rímar greiðlega við *ett*:

í fjörðu stétt hann mælti þetta	<i>Gimsteinn</i> 50
gröfin var sett í skanti réttum	<i>Gimsteinn</i> 73
og þrettán daganna rásir réttar	<i>Gimsteinn</i> 81
faðir vor rétrr á tíma settum	<i>Náð</i> 15
og rétti svo að betur sé eftir	<i>Náð</i> 108
hefir þú rétt með þöllum settan	<i>Nikulásdrápa</i> 84
en spretta upp rán og órétrr	<i>Mikaelsflokkur</i> 42

Í endarímuðum kvæðum frá fyrri hluta 16. aldar sést einnig að *é* rímar við *e*. Þannig rímar til dæmis Jón Arason í *Davíðsdíkt* saman *er : hér* (erindi 3 og 18), *er : mér* (erindi 8) og *sett : rétt* (erindi 27). Þarna er því greinileg breyting orðin frá 14. öld og má vænta þess að um hana sjáist merki í miðaldarímum.

Spyrja má hvort breytingin sem um ræðir komi einnig fram í stafsetningu en það virðist raunar ekki víst. Rithátturinn ‘ie’ fyrir *é* birtist á 13. öld og nær mikilli útbreiðslu á 14. öld en Aðalsteinn Hákonarson hefur bent á að til að skýra samrímun eins og *létt : sett* þarf að gera ráð fyrir tveimur breytingum. Annars vegar fékk *é* á undan sér *j* og hins vegar hefur sjálft sérhljóðið *é* þurft að stytast til að rímið yrði fullkomlega reglulegt. Breytingin í rithættinum sýnir hvenær *j* kom til sögunnar en það kemur til greina að stytting sérhljóðsins hafi orðið seinna í öðru skrefi sem sést lítt eða ekki í stafsetningu (Aðalsteinn Hákonarson 2017: 58).

Fyrst rím í dróttkvæðum á 14. öld sýnir engin dæmi um samrímun *é* og *e* má spyrja hvort rétt sé að gera ráð fyrir að allar rímur sem hafa einhver slík dæmi séu yngri en frá 14. öld. Þetta væri þó of djarft ályktað. Í verkum þeirra skálda sem hafa skilið eftir sig bæði dróttkvæði og rímur má sjá tilhneigingu til að málið sé íhaldssamara í dróttkvæðunum. Áður hefur verið dregið á að Kálfur skáld rímar *vá* við *ó* í *Völsungs rímum* en ekki í *Katrínardrápu*. Annað dæmi er að Einar Gilsson notar viðskeyttan greini og stoðhljóðið *u* aðeins sárasjaldan þegar hann yrkir undir dróttkvæðum hætti en margoft í *Ólafs rímu Haraldssonar* (Haukur Þorgeirs-





son 2013:230–231). Það er hugsanlegt að málbreytingin sem gerði *stétt* og *sett* að góðu rími hafi hafist á 14. öld og þótt ekki sé hægt að merkja hana í tímasetjanlegum dróttkvæðum má vera að einhver rímnadæmi um slíkt séu frá því fyrir 1400.

Einnig er alltaf rétt að hafa í huga að elstu rímur eru flestar varðveittar í handritum sem eru talsvert yngri en þær sjálfar. Ýmislegt getur skolast til í varðveislunni og þar gætu einstaka dæmi um *é-e* rím komið til. Líklegt dæmi um þetta er í *Völsungs rímum*:

Siklings arfar sóru grið,
Siga hvergi fréttu.
Níðings tekur sá nafnið við
ef nokkur gengur á þetta. (*Völsungs rímur* II.11)

Þetta er eina dæmið um *é-e* rím í þessum rímnaflokki og allgrunsamlegt því að merkingin er endaleysa. Finnur Jónsson taldi að ‘fretta’ í handritinu væri misritun fyrir ‘pretta’ og það finnst mér einnig líklegast enda ruglast ‘p’ og ‘f’ auðveldlega saman í letri þessa tíma og þannig væri samhengið í vísunni eðlilegra og í samræmi við *Völsunga sögu*. Ég hef því ekki talið þessa vísu sem raunverulegt dæmi um *é-e* rím. Hætt er þó við að einhver *é-e* dæmi í öðrum rímum hafi komið til með svipuðum hætti án þess að mögulegt sé að vinda ofan af þeim.

Það er heppilegt við *é-e* rím sem tímasetjanlegt einkenni að rím þetta verður smám saman mjög algengt. Ókosturinn er hins vegar að ekki er auðvelt að tímasetja breytinguna með ytri rökum. Þó er greinilegt að *é-e* rím eru í rímum mjög samferða rími sem sýnir styttingu samhljóða í bakstöðu. Báðar varða þessar málbreytingar hljóðdvöl og þær gætu vel hafa breiðst út í tungumálinu á sama tíma.

Sem dæmi um rímur sem halda *é* og *e* vandlega í sundur má nefna *Áns rímur* eins og þessar vísur sýna:

„Annar steinn er hærri hér
hæfa mun sá allvel þér.“
„Ekki hefi ég hann ætlað mér,“
ansar hinn og treystir sér. (*Áns rímur* IV.35, bls. 128)

Svo skal marka mellu ver
að megi þig kenna öldin hver
þá þú kemur í þengils her,
það man lengst að síðast er. (*Áns rímur* IV.6, bls. 123)





Til dæmis um yngra stig þar sem *é* og *e* rímar greiðlega saman má nefna *Vilmundar rímur*, eins og hér:

Skjalda grér hann skilst við her,
 á skóginn einn hann víkur hér
 dverga ker að drengurinn sér,
 dvelur nú ekki og þangað fer. (*Vilmundar rímur* XIV.20, bls. 149)

3.4 Samrímun *y, ý, ey* við *i, í, ei*

Alkunna er að í yngri íslensku eru kringdu hljóðin *y, ý* og *ey* fallin saman við ókringdu hljóðin *i, í* og *ei*. Breytingu þessa má sjá í stafsetningu handrita og þannig fá nokkra hugmynd um útbreiðslu hennar í tíma og rúmi. Slíka athugun gerði Guðvarður Már Gunnlaugsson (1994) og voru niðurstöður hans að „afkringingin hafi hafist á Norðurlandi (Húnaþingi) jafnvel þegar á 14. öld“ (bls. 113) en hafi breiðst hægt yfir landið. Enn um 1600 og fram á 17. öld má finna handrit þar sem hin forna aðgreining er að mestu leyti við lýði í stafsetningu. Enn fremur virðist breytingin ekki ná undir sig heilum héröðum fyrr en seint og um síðir því að jafnvel í norðlenskum handritum er hin forna aðgreining almenn löngu eftir að breytingin hefur fyrst komið upp.

Útbreiðsla breytingarinnar í kveðskap hefur lítið verið rannsökuð (sjá þó Björn K. Þórolfsson 1929a). Merki um hana er ekki að finna í kvæðum nafngreindra skálda á 14. öld en hjá nafngreindum skáldum á fyrri hluta 16. aldar sést henni bregða fyrir og þó ekki oft. Í þeim mikla kveðskap sem varðveittur er eftir Hall Ögmundarson finn ég aðeins átta dæmi:

Mariúblóm 19 biðja-styðja
Mariúblóm 20 breyta-neita
Mariúblóm 25 ei-nei-mey-dey
Náð 9.6 hlýðinn guði á öllum tíðum
Náð 38.4 mýkja stef svo henni líki
Gimsteinn 40.6 eg kýs að deyja með honum að vísu
Mikaelsflokkur 53.6 Antichristum þá lýstr
Mikaelsflokkur 56.8 og lýjast aldri á því.
Nikulásdrápa — ekkert dæmi
Sælust sjóvar stjarna — ekkert dæmi

Jón Arason, samtímamaður Halls, hefur ekkert dæmi um afkringingu í *Píslargráti*, sem er kvæði undir hrynhendum hætti. Í hinum endarímaða Davíðsdikt virðist hann hins vegar einu sinni ríma *lýði-bíði* (28). Þetta





er í erindi undir dýrum hætti og má vera að þetta hafi ekki verið fullkomið rím í máli biskups sjálfs en hann hafi þekkt slík rím og leyft sér stöku sinnum. Í *Ellikvæði* Jóns Hallssonar og *Kvæði um Ögmund* sem ort mun 1540 eru ekki dæmi um afkringingu. Af þessum takmörkuðu heimildum mætti ætla að afkringing hafi lítið tíðkast í kveðskap fyrir siðaskipti en rímurnar eru miklu stærra textasafn og sumar þeirra sýna mörg dæmi um fyrirbærið.

Ormars rímur eru athyglisvert tilfelli. Þar eru fimm dæmi um rím sem sýnir afkringingu, hér eru tvö þeirra:

Ganga þeir í gjögnum lið
gláðir og hreysti reyna,
frægum trúi eg ei frændum við
fylking standa neina.

Svo frá eg gramsson ganga fram,
gjörir hann öngu að hlífa,
bræðra réð hann merkismann
í miðju sundur að skýfa. (*Ormars rímur* IV.18 og IV.25)

Að öðru leyti er fátt í *Ormars rímum* sem bendir til ungs aldurs og þar sem þær eru varðveittar í Kollsbók geta þær ekki verið yngri en frá 15. öld. Skáldið hefur sennilega verið meðal þeirra fyrstu til að ríma með þessum hætti.

3.5 Breytingin *ve* > *vö*

Breytingin *ve* > *vö* felur í sér að *ö* leysti *e* af hólmi á eftir *v* þegar annað samhljóð fór á undan. Breytingin virðist þó aldrei hafa náð til allra orða sem uppfylla þessi skilyrði. Í stafsetningu handrita sjást fyrstu merki um breytinguna um 1400 en hún er hægfara og jafnvel enn að breiðast út um 1600 (Kristján Friðbjörn Sigurðsson 2014:10, 36).

Í rímum sést þessi breyting einkum í orðunum *hver* og *kveld* sem nokkuð koma fyrir í rími. Hér eru tvö dæmi:

Fleini skjóta og fleygja dör
fagra skjöldu brjóta,
tuttugu sveina hafði hvör
hrausta auðar njóta. (*Ektors rímur* II.5)





Svo var myrkt að mátti þá
maðurinn enginn annan sjá,
því gat ekki þetta kvöld
þursa í valnum leitað öld. (*Brönu rímur* II.54)

Í miðaldarímum hef ég aðeins fundið átta rímbundin dæmi sem sýna breytinguna. Þetta einkenni er því ekki meðal hinna veigamestu þegar kemur að því að greina aldur. Eigi að síður hef ég leyft því að fljóta með hér þar sem það kemur vel heim við önnur einkenni.

3.6 Hrynræn frávik

Rímurnar tóku að arfi frá dróttkvæðum strangar reglur um hrynræna byggingu sem grundvallaðist bæði á áherslu og atkvæðalengd. Svo er að sjá að tónkvæði hafi einnig komið við sögu. Í yngstu miðaldarímum sjást hins vegar ýmis frávik frá þessum reglum sem ég hef hér sameinað undir einn hatt.

Ein gerð frávika er að stutt atkvæði komi í stað langs í kvenrími við lok vísuorða. Eitthvert elsta dæmið um þetta er í *Konráðs rímum*:

„Þýtt og prýtt með dygðum dýr,“
döglings son réð tala,
„bú þig nú, minn bessi skýr,
því brátt skal haninn gala!“ (*Konráðs rímur* V.19)

Hér eru *tala* og *gala* með stuttu fyrra atkvæði sem er í andstöðu við hina fornu skipan og væntanlega merki um að hljóðdvalarbreytingin sé hafin (Björn K. Þórolfsson 1929b, Kristján Árnason 1980:134–151).

Önnur gerð frávika er að áherslulaus ending sé látin standa í rími. Dæmi má taka úr *Brönu rímum* þar sem síðasta atkvæði orðsins *höfðingjum* myndar rím:

Get ég það ekki, gæfan svinn
gefist mér til þess, Sóti minn,
yður að þjóna ei með skrum
eða svo dýrum höfðingjum. (*Brönu rímur* II.24)

Björn K. Þórolfsson (1934:65) taldi að þessi nýjung ætti „eitthvað skylt við hljóðdvalarbyltinguna“ og ég hef leyft mér að setja hana í sama sarp hér.





Þriðja gerð frávika er að tvíkvæð orð með fyrra tónkvæði komi fyrir við lok vísuorða. Hér er dæmi:

Stólpi hver var stór og harður
er stendur út í sunðið,
stáli glæstur og víða varður
og vænu járne bundið. (*Sigurðar rímur þögla* I.38)

Hér er *sundið* tvíkvætt orð þar sem ákveðinn greinir myndar síðara atkvæðið. Slík orð höfðu fyrra tónkvæði í norrænu og gátu ekki staðið í þessari bragstöðu í elstu rímum. Auk þess ætti *sundið* ekki að ríma fullkomlega við *bundið*, sem hafði síðara tónkvæði að fornu. Um þessi mál hef ég skrifað ítarlega annars staðar (Haukur Þorgeirsson 2013:213–232).

Það er ekki einboðið að orsakatengsl séu milli hljóðdvalarbreytingarinnar og taps aðgreinandi tónkvæðis í íslensku enda urðu svipaðar hljóðdvalarbreytingar í norsku og sænsku og þar varðveittist tónkvæðið. Eigi að síður koma ummerki þessara breytinga fram í rímunum á sama tíma og ég set þær saman í sarp hér.

3.7 Beyging ia-stofna

Í fornu máli enduðu ia-stofnar (orð eins og *læknir*) á *ir* í nefnifalli en á *i* í þolfalli og þágufalli. Sú beyging tók að riðlast á 15. öld og þá á tvo vegu — ýmist koma fyrir nefnifallsmyndir sem enda á *i* eða aukafallsmyndir sem enda á *ir*. Bæði þessi tilbrigði koma fyrir rimbundin í rímum.

Að ætt og heiti öðling spyr þann örva stefnir.
Vilmund sig fyrir vísir nefnir.

Herra kóngrinn hóf sitt tal með hægum orðum
til mín koma ekki málin þessi
mælti ríkur Garða hersi. (*Vilmundar rímur* V.61, VIII.50)

Hér er *stefnir* þolfallsmynd og *hersi* nefnifallsmynd. Eitt og sama skáldið hefur því getað brugðið fyrir sig báðum nýju beygingarabrigðunum.

Alls eru 24 dæmi um unga beygingu ia-stofna í rímnaheildinni, langflest í *Vilmundar rímum* og *Jarlmanns rímum* — en sitthvað fleira tengir þá rímnaflokkar saman eins og kemur fram hér fyrir aftan.





3.8 Tökuorð

Til að tökuorð nýtist vel til tímasetningar rímna hentar best að nota þau sem komu inn í málið á 15. öld og náðu hratt miklum vinsældum. Til samanburðar nota ég hér fornmálsorðabókina *ONP* en þar eru orðteknir prósatextar ritaðir fyrir siðaskipti. Einnig má hafa gagn af fyrri umfjöllun Veturlíða Óskarssonar (2003:16, 324–325).

finn — Orðið er sjaldgæft í fornum prósatextum en elstu dæmin sem *ONP* þekkir eru úr handritunum AM 343 a 4^o (tímasett um 1450–1475) og AM 685 d 4to (tímasett um 1450–1500). Það er athyglisvert að í prósatextum þeim sem orðteknir eru í *ONP* hafi aðeins fundist þrjú dæmi um orðið en í rímum eru dæmin á annað hundrað. Hluti ástæðunnar fyrir þessum vinsældum í rímum gæti verið að orðið er bragfræðilega þjált og rímar við mörg algeng orð.

svoddan — Elstu dæmin í *ONP* eru í skjölum frá miðri 15. öld. Í frásagnartexta kemur orðið fyrir í AM 574 4to (tímasett um 1450–1500). Orðið er fremur sjaldgæft í kveðskap og vinnur það sjálfsgagt á móti því að það rímar ekki við neitt.

strax — Elsta dæmið í *ONP* er í skjali sem ritað var 1488. Fleiri dæmi eru í litlu yngri skjölum og allnokkur í handritum frá um 1500 og síðar.

Í kvæðum nafngreindra skálda frá 14. öld koma þessi orð ekki fyrir. Hins vegar notar Hallur Ögmundarson á fyrri hluta 16. aldar bæði orðin *finn* og *strax*. Samanburður við prósatexta og nafngreind skáld mælir því með þessum orðum til aldurssetningar rímna og þau koma líka vel heim við hin einkennin.

3.9 Talning einkenna og aldursröð rímna

Í töflu 1 eru tölur sem sýna hversu oft þau málsögulegu einkenni sem hér hefur verið fjallað um koma fyrir í miðaldarímum. Í töflunni er enn fremur gerð tilraun til að nýta þessi gögn til að skipa rímum í aldursröð. Til þess hef ég einfaldlega lagt saman fjölda ungra einkenna í hverjum rímnafllokki fyrir sig og deilt með fjölda vísna. Þar með fæst tíðni unglegra einkenna í hverjum rímnafllokki og rímum er síðan raðað eftir þessari tíðni. Þetta er frumstæð aðferð og ófullkomin en hún hefur þann kost að vera einföld og auðskiljanleg.



Rímnaflokkur	Stytting	é/e	y/i	ve>vö	Hrynraen	ia-beyging	strax	soddan	finn	Samtals	Visur	Tíðni
Áns rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	545	0,0
Geiplur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	231	0,0
Griplur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	365	0,0
Herburts rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	165	0,0
Indriða rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	105	0,0
Ólafs ríma Haraldssonar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	65	0,0
Sigmundar rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	194	0,0
Sörla rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	204	0,0
Reinalds rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	671	1,5
Mábilur rímur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	507	2,0
Friðþjófs rímur	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	311	3,2
Geðraunir	2	1	0	0	0	0	0	0	0	3	719	4,2
Dámusta rímur	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	230	4,3
Geirarðs rímur	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	415	4,8
Skáld-Helga rímur	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	384	5,2
Dínus rímur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	169	5,9
Haralds rímur	0	0	1	0	0	1	0	0	0	2	287	7,0
Völsungs rímur	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	279	7,2
Klerka rímur	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	240	8,3
Filippó rímur	2	2	0	0	0	0	0	0	0	4	429	9,3
Blávuss rímur	0	3	0	0	0	0	0	0	1	4	415	9,6
Þrændlur	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	205	9,8
Þrymlur	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	78	12,8
Ólvis rímur	3	1	0	0	0	0	0	0	0	4	291	13,7
Sigurðar rímur fótis	0	4	0	0	0	0	0	0	0	4	281	14,2
Gríms rímur	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	138	14,5
Úlfhams rímur	0	4	0	0	0	0	0	0	0	4	270	14,8
Hjálmþérs rímur	4	3	2	0	1	0	0	0	0	10	627	15,9
Sálus rímur	6	4	0	0	0	0	0	0	0	10	593	16,9
Andra rímur eldri	5	6	2	0	0	0	0	0	0	13	703	18,5
Bærings rímur	2	2	0	0	0	0	0	0	1	5	260	19,2
Sigurðar rímur þögla	4	7	0	0	1	0	0	0	1	13	675	19,3
Virgiless rímur	0	1	0	0	1	0	0	0	0	2	102	19,6
Sturlaugs rímur	5	4	0	0	0	0	0	0	0	9	408	22,1
Konráðs rímur	4	2	5	0	2	0	0	0	0	13	550	23,6
Jóns rímur leiksveins	2	0	2	0	0	0	0	0	0	4	140	28,6
Grettis rímur	10	3	0	0	0	1	0	0	0	14	478	29,3
Lokrur	2	0	2	0	1	0	0	0	0	5	145	34,5
Mágus rímur	4	14	0	0	0	0	0	0	1	19	536	35,4
Bjarka rímur	3	2	1	0	1	0	0	0	8	15	405	37,0
Ormars rímur	2	0	5	0	0	0	0	0	0	7	187	37,4
Ektors rímur	18	11	0	2	1	0	0	0	0	32	852	37,6
Svöldrar rímur	7	0	0	0	0	0	0	0	0	7	170	41,2
Hrólfis rímur Gautreks.	4	3	2	0	2	0	0	0	0	11	263	41,8
Skíða ríma	5	1	1	0	0	0	0	0	4	11	202	54,5
Króka-Refs rímur	8	8	3	0	9	0	0	0	4	32	494	64,8
Landrés rímur	17	14	3	0	0	0	0	0	3	37	563	65,7
Andra rímur yngri	4	7	1	0	0	0	0	0	4	16	236	67,8
Þjófa rímur	6	8	2	0	0	0	1	0	3	20	282	70,9
Bósa rímur	16	19	3	1	0	2	0	0	8	49	603	81,3
Skikkju rímur	8	5	0	0	0	0	0	0	3	16	189	84,7
Þóris rímur	12	15	4	1	0	1	0	3	1	37	356	103,9
Vilmundar rímur	38	31	20	1	8	11	3	6	11	129	1143	112,9
Hemings rímur	13	12	13	0	0	0	0	0	9	47	414	113,5
Jarlmanns rímur	30	39	5	0	21	7	0	5	8	115	960	119,8
Jónatas rímur	1	5	11	0	0	0	1	5	1	24	192	125,0
Rauðúlfs rímur	1	0	2	0	1	0	1	1	0	6	47	127,7
Skógar-Krists rímur	2	7	12	0	1	0	0	1	0	23	150	153,3
Brönu rímur	36	56	58	3	2	1	11	4	33	204	1187	171,9

Tafla 1: Ungleg einkenni í miðaldarímum og tíðni þeirra í hverjum 1000 vísu.



Hægt væri að hugsa sér ýmiss konar þróaðri útfærslur til að gera aldursröð eftir þessum einkennum. Ekki síst mætti tillit til þess að ólíkir bragarhættir fela í sér misgóð tækifæri fyrir ung einkenni til að koma fram. Til dæmis kemur stytting samhljóða aðeins fram í karlrími og má því segja að í hverri ferskeyttri vísu sé eitt tækifæri til að fá hana fram en í hverri stafhendri vísu séu tvö slík tækifæri. Dýrir hættir eru einnig ríku-
legri jarðvegur fyrir rímbundin ungleg einkenni en óbreyttir hættir. Hægt væri að smíða einhvers konar líkan sem tæki tillit til slíkra þátta og ef til vill mætti þannig fá örlítið nákvæmari mynd af aldursröð rímnanna. En eftir því sem líkanið er flóknara verður það jafnframt illskiljanlegra og hættan á mistökum eykst. Enn fremur verður að hafa í huga að nákvæmnin getur aldrei orðið verulega mikil því að eðli málsins er að samtíða skáld geta haft misfornlegt málfar. Einnig hefur tilviljun alltaf nokkuð um það að segja hvaða unglegu einkenni rata í hvaða texta — sérstaklega gildir þetta um styttri rímnaflokkana. Loks er það ugglaut svo að sum unglegu einkennin munu til komin í skriflegri eða munnlegri geymd fremur en að öll séu ættuð frá frumskáldi hvers rímnaflokks. Flokkarnir eru áreiðanlega misvel varðveittir og þar er því eitt atriði enn sem gerir myndina þokukenndari.

Þrátt fyrir þessa varnagla hygg ég að sú málfræðilega aldursröð sem hér er sett fram sé fyllilega brúklegur grundvöllur til frekari rannsókna á miðaldarímum. Með henni væri til dæmis hægt að skipta rímum upp í tvo, þrjá eða fjóra álíka stóra hópa eftir aldri og sjá svo hvernig einhver stílfræðileg, bragfræðileg eða bókmenntasöguleg einkenni þróuðust í rímum frá miðri 14. öld til miðrar 16. aldar.

Gera má lauslega tilraun til að tengja tíðni unglegra einkenna við ártöl og tímabil. Sumar rímur innihalda engin ungleg einkenni eða svo fá að ófullkominni varðveislunni gæti hæglega verið um að kenna. Slíkur rímur munu ortar á 14. öld, eins og *Ólafs ríma* í Flateyjarbók, eða við upphaf 15. aldar. Þegar komið er fram á miðja 15. öld má vænta af stafsetningu handrita að skáldin rími forn löng samhljóð við stutt og rím *é* við *e* virðist nokkuð samferða þeirri breytingu. Þegar kemur fram um 1500 bætast við tökuorðin *strax* og *soddan* og tíðni allra unglegra einkenna færast í aukana.

Hafa má nokkurt gagn af því að líta á aldur mikilvægustu rímnahandritanna — Kolls bókar og Staðarhóls bókar. Kolls bók mun upphaflega rituð 1480–1490 (Ólafur Halldórsson 1968:xxxvj) svo að gera má ráð fyrir að yngstu rímur hennar séu ekki yngri en svo. Í töflu 2 má sjá ungleg



Rímnaflokkur	Stytting	é/e	y/i	ve>vö	Hrynræn	ia-beyging	strax	soddan	finn	Samtals	Vísur	Tíðni
Áns rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	545	0,0
Geiplur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	231	0,0
Griplur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	365	0,0
Herburts rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	165	0,0
Reinalds rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	671	1,5
Máðilar rímur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	507	2,0
Geðraunir	2	1	0	0	0	0	0	0	0	3	719	4,2
Geirarðs rímur	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	415	4,8
Skáld-Helga rímur	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	384	5,2
Filippó rímur	2	2	0	0	0	0	0	0	0	4	429	9,3
Sigurðar rímur fótis	0	4	0	0	0	0	0	0	0	4	281	14,2
Sálus rímur	6	4	0	0	0	0	0	0	0	10	593	16,9
Andra rímur eldri	5	6	2	0	0	0	0	0	0	13	703	18,5
Konráðs rímur	4	2	5	0	2	0	0	0	0	13	550	23,6
Grettis rímur	10	3	0	0	0	1	0	0	0	14	478	29,3
Ormars rímur	2	0	5	0	0	0	0	0	0	7	187	37,4
Ektors rímur	18	11	0	2	1	0	0	0	0	32	852	37,6
Svöldrar rímur	7	0	0	0	0	0	0	0	0	7	170	41,2
Skikkju rímur	8	5	0	0	0	0	0	0	3	16	189	84,7

Tafla 2: Ungleg einkenni í rímum Kolls bókar.

einkenni í þeim 18 rímnaflokkum sem eru eða voru í Kolls bók. Meðalfjöldi unglegra einkenna í þessum rímum er 17,4 í hverjum 1000 vísu. Öll unglegu einkennin koma fyrir nema *strax* og *soddan* og kemur það vel heim við það hvenær þau orð birtast fyrst í varðveittum skjölum. Í Staðarhólsbók eru hins vegar 34 rímur varðveittar að heild eða í hluta og þær hafa að meðaltali 29,1 unleg einkenni í 1000 vísu (sjá töflu 3). Unglegustu rímurnar í Staðarhólsbók eru ljóslega mun unglegri en nokkrar rímur í Kolls bók enda er Staðarhólsbók rituð um miðja 16. öld. Líklegt er að yngstu rímurnar í hvorri bók fyrir sig séu aðeins lítillega eldri en bækurnar sjálfar.

4. Höfundar miðaldarímna

4.1 Stílmæling

Stílmæling er aðferð þar sem orðtíðni texta er borin saman, gjarnan í leit að sameiginlegum höfundareinkennum. Notaðir eru ákveðnir mælikvarðar sem meta „fjarlægð“ milli tveggja texta en þeir textar sem hafa svipaða orðtíðni hafa lága fjarlægð á milli sín. Ýmsir fjarlægðarmælikvarðar eru til og einn sem hefur gefist sérstaklega vel er kósínus-deltafjarlægð (sjá t.d. Jón Karl Helgason o.fl. 2017). Hægt er að gera fjarlægðarmælingu með hversu mörgum orðum sem vera skal en hér notast





FYRSTU RÍMNASKÁLDIN

33

Rímnaflokkur	Stytting	é/e	y/i	ve>vö	Hrymræn	ia-beyging	strax	soddan	finn	Samtals	Visur	Tíðni
Áns rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	545	0,0
Griplur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	365	0,0
Herburts rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	165	0,0
Sigmundar rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	194	0,0
Sörla rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	204	0,0
Reinalds rímur	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	671	1,5
Friðbjófs rímur	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	311	3,2
Dámusta rímur	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	230	4,3
Skáld-Helga rímur	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	384	5,2
Dínus rímur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	169	5,9
Haralds rímur	0	0	1	0	0	1	0	0	0	2	287	7,0
Völsungs rímur	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	279	7,2
Klerka rímur	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	240	8,3
Filippó rímur	2	2	0	0	0	0	0	0	0	4	429	9,3
Blávuss rímur	0	3	0	0	0	0	0	0	1	4	415	9,6
Þrændlur	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	205	9,8
Þrymlur	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	78	12,8
Gríms rímur	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	138	14,5
Úlfhams rímur	0	4	0	0	0	0	0	0	0	4	270	14,8
Hjálmþérs rímur	4	3	2	0	1	0	0	0	0	10	627	15,9
Sálus rímur	6	4	0	0	0	0	0	0	0	10	593	16,9
Andra rímur eldri	5	6	2	0	0	0	0	0	0	13	703	18,5
Bærings rímur	2	2	0	0	0	0	0	0	1	5	260	19,2
Sigurðar rímur þögla	4	7	0	0	1	0	0	0	1	13	675	19,3
Konráðs rímur	4	2	5	0	2	0	0	0	0	13	550	23,6
Lokrur	2	0	2	0	1	0	0	0	0	5	145	34,5
Ormars rímur	2	0	5	0	0	0	0	0	0	7	187	37,4
Ektors rímur	18	11	0	2	1	0	0	0	0	32	852	37,6
Landrés rímur	17	14	3	0	0	0	0	0	3	37	563	65,7
Þjófa rímur	6	8	2	0	0	0	1	0	3	20	282	70,9
Vilmundar rímur	38	31	20	1	8	11	3	6	11	129	1143	112,9
Hemings rímur	13	12	13	0	0	0	0	0	9	47	414	113,5
Jarlmanns rímur	30	39	5	0	21	7	0	5	8	115	960	119,8
Brönu rímur	36	56	58	3	2	1	11	4	33	204	1187	171,9

Tafla 3: Ungleg einkenni í rímum Staðarhólsbókar.

ég við 500 algengustu orðin og hentar það vel við tiltölulega stutta texta eins og rímurnar eru.

Eftir því sem kósínus-delta-fjarlægð milli tveggja texta er lægri eru þeir textar líkari hvor öðrum. Ekki er þó hægt að gefa neinar einhlítar reglur um það hversu lág talan þurfi að vera til að höfundur sé sá sami eða hversu há hún geti verið þannig að höfundur sé samt sá sami.

Ég hef safnað textum miðaldarímnanna í málheild með samræmdri nútímastafsetningu og gert hana aðgengilega á vefnum (Haukur Þorgeirsson 2021). Lesendum er því kleift að staðfesta tölurnar sem birtast hér á eftir með eigin mælingum. Ég hef notað verkfærið *stylo* (sjá Eder o.fl. 2016).





4.2 Vitulus vates

Finnur Jónsson benti á að *Geiplur*, *Friðþjófs rímur* og *Völsungs rímur* sýndu allar merki um latínulærdóm og varpaði fram þeirri spurningu hvort þær ættu sér sama höfund (Finnur Jónsson 1902:55). Þessa tilgátu hef ég kannað hér með fjarlægðarmælingu.

	Δ Geiplur		Δ Friðþjófs rímur		Δ Völsungs rímur
Geirarðs rímur	0,81	Völsungs rímur	0,81	Friðþjófs rímur	0,81
Filipó rímur	0,84	Hjálmþés rímur	0,89	Ólafs ríma Haraldssonar	0,90
Bærings rímur eldri	0,84	Landrés rímur	0,90	Jóns rímur leiksveins	0,91
Völsungs rímur	1,03	Gríms rímur og Hjálmars	0,91	Ormars rímur	0,93
Friðþjófs rímur	1,12	Jóns rímur leiksveins	0,91	Sörla rímur	0,94
Aðrar rímur	0,84–1,13	Aðrar rímur	0,92–1,19	Aðrar rímur	0,94–1,11

Tafla 4: Kósínus-delta-fjarlægð frá Geiplum, Friðþjófs rímum og Völsungs rímum.

Tafla 4 sýnir að *Geiplur* eiga engin líkindi í orðtíðni við *Völsungs rímur* og *Friðþjófs rímur* og það verður að teljast mjög ólíklegt að sama skáld hafi ort *Geiplur* og hinar rímurnar. Á sama mælikvarða eru hins vegar *Friðþjófs rímur* og *Völsungs rímur* þeir rímnaflokkar sem eru líkastir hvor öðrum. Það kann því að vera að höfundur þeirra tveggja sé sá sami. Skáldið sem orti *Völsungs rímur* nefnir sig Vitulus vates („Kálfur skáld“) og sama skáldanafn kemur fyrir í *Katrínardrápu*. Kálfur var munkur en hann hefur greinilega haft gaman af fornaldarsagnaefni. Það er ekkert því til fyrirstöðu að hann hafi ort *Friðþjófs rímur*.

4.3 Sigurður blindur

Heimildir um Sigurð blind eru slitróttar og óljósar en í ungum ritum eru honum eignaðar ýmsar miðaldarímur (sjá síðast Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir 2004 og Ármann Jakobsson 2014). Björn K. Þórolfsson tók þessar heimildir til gagnrýnnar skoðunar og var niðurstaða hans að þær rímur sem mest líkindi séu til að Sigurður hafi ort séu *Mábilarrímur* og *Reinalds rímur*: „Vildum vjer fremur játa því en neita, að sama blinda skáldið hefði ort Reinaldsrímur og Mábilarrímur“ (Björn K. Þórolfsson 1934:438). Ég hef kannað þessa kenningu með fjarlægðarmælingu.

Niðurstaða Björns fær hér byr undir báða vængi. *Mábilarrímur* og *Reinalds rímur* eru áberandi líkari hvorar öðrum en nokkrum öðrum rímum. Þær eru að öllum líkindum eftir sama höfund.





	Δ Reinalds rímur		Δ Máðilar rímur
Máðilar rímur	0,61	Reinalds rímur	0,61
Griplur	0,75	Bærings rímur	0,77
Bærings rímur	0,77	Skáld-Helga rímur	0,77
Filipó rímur	0,78	Geirarðs rímur	0,78
Skáld-Helga rímur	0,79	Skikkju rímur	0,79
Aðrar rímur	0,81–1,17	Aðrar rímur	0,80–1,22

Tafla 5: Kósínus-delta-fjarlægð frá Reinalds rímum og Máðilar rímum.

4.4 Rögnvaldur blindi

Það kemur fram í *Skógar-Krists rímum* að sá hafi heitið Rögnvaldur sem orti þær. Það er nærtækt að það sé sami maður og Rögnvaldur blindi sem Páll Víðalín segir að ort hafi *Brönu rímur*. Í báðum flokkum er enn fremur kvartað undan sjónleysi. Björn K. Þórólfsson taldi sennilegt að sami maðurinn hafi ort báða flokkana og hér getum við gert fjarlægðarmælingu til að sannreyna kenninguna.

	Δ Brönu rímur		Δ Skógar-Krists rímur		Δ Jónatas rímur
Jónatas rímur	0,57	Jónatas rímur	0,51	Skógar-Krists rímur	0,51
Skógar-Krists rímur	0,67	Brönu rímur	0,67	Brönu rímur	0,57
Skikkju rímur	0,77	Máðilar rímur	0,82	Skikkju rímur	0,77
Bjarka rímur	0,82	Skáld-Helga rímur	0,84	Skáld-Helga rímur	0,83
Máðilar rímur	0,83	Bjarka rímur	0,84	Bjarka rímur	0,87
Aðrar rímur	0,86–1,21	Aðrar rímur	0,84–1,23	Aðrar rímur	0,88–1,31

Tafla 6: Kósínus-delta-fjarlægð frá Brönu rímum, Skógar-Krists rímum og Jónatas rímum.

Hér kemur í ljós að *Brönu rímur* og *Skógar-Krists rímur* eru sannarlega mjög nálægar í orðtíðni. Hins vegar eru *Jónatas rímur* enn nær þeim báðum. Það virðist þá líklegt að Rögnvaldur hafi ort alla þrjá flokkana enda kemur það vel heim við málsögulegu gögnin.

4.5 Ormur skáld

Í lok *Vilmundar rímna viðutan* bindur höfundur nafn sitt með rúnum:

Vegleg hvíld og vatna mót,
virða gamanið blíða,
grátur skýja og ferðin fljót
ferju Hárs nam smíða. (*Vilmundar rímur* XVI.65)





Úr þessu má lesa nafnið Ormur. Eins og Ólafur Halldórsson bendir á í útgáfu sinni á rímunum er líklegt að Ormur hafi kveðið fleiri rímur (Ólafur Halldórsson 1975:26). Með stílmælingu má verða einhverju nær um það hvaða rímur komi þá helst til greina

	Δ Vilmundar rímur		Δ Jarlmanns rímur
Jarlmanns rímur	0,71	Vilmundar rímur Orms	0,71
Þjófa rímur	0,80	Landrés rímur	0,80
Hemings rímur	0,82	Haralds rímur Hringsbana	0,81
Bósa rímur	0,85	Hemings rímur	0,87
Þóris rímur háleggs	0,87	Þjófa rímur	0,87
Aðrar rímur	0,87–1,18	Aðrar rímur	0,88–1,14

Tafla 7: Kósínus-delta-fjarlægð frá Vilmundar rímum og Jarlmanns rímum.

Sjá má að *Jarlmanns rímur* koma til greina sem höfundarverk Orms og renna má frekari stoðum undir þann möguleika. Í fyrsta lagi eru *Vilmundar rímur* og *Jarlmanns rímur* varðveittar hlið við hlið í sama handriti (AM 604 e–f 4to) og mætti þá hugsa sér að þær hafi fylgst að frá öndverðu úr smiðju höfundarins. Í öðru lagi eru málfræðileg einkenni einkar lík í þessum tveimur flokkum og þá sérstaklega að þetta eru einu miðaldarímurnar sem hafa fjölmörg rímbundin dæmi um nýjungar í beygingu ia-stofna.

Við lok *Jarlmanns rímna* bindur höfundur nafn sitt í gátu:

Varla trúi ég að vísna plógur
verði svo sem stæði.
Þungi mikill og þegna rógur
þuldi mærdar sæði. (*Vilmundar rímur viðutan* XVI.127)

Þegna rógur hlýtur að vera fé eða auðæfi enda segir „fé er frænda róg“ í íslenska rúnakvæðinu. Þungi mikill gæti þá verið dreki sem liggur á fénu — sem sagt Ormur. Ef sú lausn gengur upp fellur allt í ljúfa löð með að sami maður hafi ort báða flokkana.

4.6 Fleiri möguleikar

Ég hef hér kannað þrjár kenningar fyrri fræðimanna um sameiginlega höfunda rímnaflokkka og bætt einni við frá eigin brjósti. Á öðrum vettvangi mun ég síðan rökstyðja að *Bjarka rímur* og *Skíða ríma* séu eftir einn höfund. Efnið er þó ekki tæmt með þessu. Til að gefa nokkrar hug-





myndir um möguleika sem vert væri að kanna gef ég hér upp þau rímnapör sem ekki eru þegar nefnd og hafa minni fjarlægð en 0,70 sín á milli:

Þóris rímur og yngri hluti *Andra rímna* — fjarlægð: 0,62

Gríms rímur og *Hjálmars* og *Sigurðar rímur fóts* — fjarlægð: 0,67

Sturlaugs rímur og *Grettis rímur* — fjarlægð: 0,68

Haralds rímur Hringsbana og *Úlfhams rímur* — fjarlægð: 0,69

Sigmundar rímur og *Þrændlur* — fjarlægð: 0,69

Hér má hafa í huga að sameiginlegur höfundur er ekki eina mögulega skýringin á lítilli fjarlægð milli tveggja rímna. Ólafur Halldórsson (1987: cxlvi–cli) spurði sig að því hvort *Sigmundar rímur* og *Þrændlur* væru eftir sama höfund og rökstuddi allitarlega að það væri ólíklegra en hitt. Ef höfundarnir voru tvær gætu hin stílmælingarlegu líkindi skýrst af því að rímurnar eru ortar eftir sömu sögu og ef til vill einnig af því að annar höfundurinn hafi orðið fyrir áhrifum af hinum.

5. Niðurlag

Með þessari grein er von mín að búa til traustari undirstöðu fyrir sögulega greiningu á þróun rímnalistarinnar. Hér er miðaldarímum raðað í tímaröð eftir þeim málsögulegu einkennum sem best rök mæla með. Þau málsögulegu rök sem mestu skipta benti Finnur Jónsson þegar á 1902. Niðurstöðurnar hér eru þó að ýmsu leyti frábrugðnar aldursgreiningum Finns Jónssonar og Björns K. Þórólfsson. Það er kostur við röðina hér að það er fullkomlega ljóst á hverju hún byggist en í eldri aldursgreiningum er oft vant að sjá hvers vegna tilteknar rímur eru taldar aldnar eða ungar.

Þótt miðaldarímur séu oftast ekki eignaðar nafngreindum höfundum er líklegt að sama skáldið hafi í einhverjum tilfellum ort fleiri en einn varðveittan rímnaflokk. Hér er vélrænni stílmælingu beitt til að prófa tilgátur fyrri fræðimanna um slík efni og þar fá ályktanir Björns Karels um Sigurð blind og Rögnvald blinda góðan stuðning. Enn fremur er hér bætt við fleiri tilfellum þar sem stílmæling gefur til kynna að mögulegt eða líklegt sé að sama skáldið hafi ort fleiri en einar rímur. Í framtíðinni væri hægt að stytta sér stundir með því að kanna hvort mannshugurinn geti fundið rök með eða á móti þessum nýju vélrænu tilgátum.





HEIMILDIR

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2001. *Úlfhams saga*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Aðalsteinn Hákonarson. 2017. Hljóðið é í yngri forníslensku. Tvíhljóð eða hljóðasamband? *Íslenskt mál og almenn málfræði* 39:37–71.
- Ármann Jakobsson. 2014. „The Homer Of The North or: who was Sigurður the Blind?“. *European Journal of Scandinavian Studies* 44: 4–19.
- Björn K. Þórolfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr forn málinu*. Reykjavík: Háskólaráð Íslands.
- Björn K. Þórolfsson. 1929a. „Nokkur orð um hinar íslensku hljóðbreytingar é > je og y, ý, ey > i, í, eí“. *Studier tillägnade Axel Kock*, 232–243. Lund: C. W. K. Gleerup.
- Björn K. Þórolfsson. 1929b. „Kvantitetsomvæltningen i islandsk“. *Arkiv för nordisk filologi* 45:35–81.
- Björn K. Þórolfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Björn K. Þórolfsson. 1950. Dróttkvæði og rímur. *Skírnir* 124:175–209.
- Björner, Erik Julius. 1737. *Nordiska kända dater*. Stokkhólmur.
- Cederschiöld, Gustaf og Fredrik Amadeus Wulff. 1877. *Versions nordiques du fabliau français le mantel mautaillié*. Lund.
- Doktorsvörn Björns K. Þórolfssonar. 1934. *Morgunblaðið* 23. desember, 1934, bls. 6.
- Eder, Maciej, Jan Rybicki og Mike Kestemont. (2016). „Stylometry with R: a package for computational text analysis.“ *R Journal* 8(1):107–121.
- Guðrún Jónsdóttir. 2006. „Seggir féllu á sinni list“. *Rímurnar af Illum, Verri og Verstum*. MA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Finnur Jónsson. 1902. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. Tredje bind. Kaupmannahöfn: Gad.
- Finnur Jónsson (útg.). 1904. *Hrólf's saga kraka og Bjarkarímur*. Kaupmannahöfn: Möller.
- Finnur Jónsson (útg.). 1905–1922. *Rímnasafn I–II*. Kaupmannahöfn: Möller.
- Finnur Jónsson. 1924. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. Tredje bind. Anden udgave. København.
- Finnur Jónsson. 1936. *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*. (Safn Fræðafjelagsins X.) Kaupmannahöfn: Möller.
- Finnur Magnússon og Carl Christian Rafn. 1838 *Grönlands historiske Mindesmærker II*. Kaupmannahöfn.
- Haukur Þorgeirsson. 2013. *Hljóðkerfi og bragkerfi*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Haukur Þorgeirsson. 2019–2020. Styttling langra samhljóða í bakstöðu. *Íslenskt mál* 41–42: 95–121.
- Haukur Þorgeirsson. 2021. *Rímur fyrir siðaskipti*. Málheild. Vefslóð: <https://tinyurl.com/ynemn4x5>
- Hoed, Petronella Maria den. 1928. *Hemingsrímur*. Haarlem: H. D. Tjeenk Willink & zoon.
- Jiriczek, Otto Luitpold. 1894. Die Bósa-rímur. *Germanistische Abhandlungen* 10. Breslau: Koebner.
- Jorgensen, Peter A. 1997. *The Story of Jonatas in Iceland*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.





- Jóhanna Katrín Friðriksdóttir og Haukur Þorgeirsson. 2015. Hrólf's rímur Gautrekssonar. 2015. *Gripla* XXVI:81–138.
- Jón Karl Helgason, Sigurður Ingibergur Björnsson og Steingrímur Páll Kárasón. 2017. „Fingraför fornsagnahöfundu. Fráleiðsla í anda Holmes og stilmæling í anda Burrows.“ *Skírnir* 191: 273–309.
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn: Høst.
- Konráð Gíslason. 1897. *Efterladte skrifter*. II. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in historical phonology. Icelandic and related cases*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Kristján Friðbjörn Sigurðsson. 2014. *Hljóðbreytingin ve > vö og aðrar tengdar málbreytingar*. Ritgerð til MA-prófs í íslenski málfræði.
- Kölbing, Eugen. 1876. *Beiträge zur vergleichenden Geschichte der romantischen Poesie und Prosa des Mittelalters*. Breslau: Koebner.
- Kölbing, Eugen. 1879. Geiplur und Geipa-táttur. *Sechs Bearbeitungen des altfranzösischen gedichts von Karls des grossen Reise nach Jerusalem und Constantinopel* (útg. Eduard Koschwitz), bls. 134–184. Heilbronn: Henninger.
- Larsson, Ludvig. 1893. *Sagan ock rimorna om Friðþjófr hinn frækni*. Lund: Malmström.
- Maurer, Konrad. 1871. Die Skída-ríma. *Abhandlungen der philosophisch-philologischen Classe der königlich bayerischen Akademie der Wissenschaften* XII, 169–238. München.
- Munch, Peter Andreas og Carl Richard Unger. 1847. *Oldnorsk Læsebog med tilhørende Glossarium*. Ósló: Dahl.
- Munksgaard, Ejnar (útg.). 1938. *Early Icelandic Rímur*. MS No. 604 4to of the Arna-Magnæan Collection in the University Library of Copenhagen. (Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi XI.) Kaupmannahöfn: Levin & Munksgaard.
- Möbius, Theodor. 1860. *Edda Sæmundar hins fróða mit einem Anhang zum Theil bisher ungedruckter Gedichte*. Leipzig.
- Ólafur Halldórsson. 1968. *Kollsbók. Codex Guelferbytanus 42. 7. Augusteus quarto*. (Íslenzk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in Quarto V.) Reykjavík: Handritastofnun Íslands.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1973a. Haralds rímur Hringsbana. (Íslenzkar miðaldarímur I.) Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1973b. Áns rímur bogsveigis. (Íslenzkar miðaldarímur II.) Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1974. Bósa rímur. (Íslenzkar miðaldarímur III.) Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1975. Vilmundar rímur viðutan. (Íslenzkar miðaldarímur IV.) Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Ólafur Halldórsson. 1987. *Færeyinga saga*. Inngangur. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Páll Eggert Ólason. 1944. *Sextánda öld. Höfuðþættir*. (Saga Íslendinga IV.). Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag.
- Pálmi Pálsson (útg.). 1883. *Króka-Refs saga og Króka-Refs rímur*. Kaupmannahöfn: Møller.





- Sólveig Ebba Ólafsdóttir (útg.). 2006. Rímur af Skógar-Kristi. „Hver hefur það sem vinnur til“. *Són* 4:9–31.
- Teresa Dröfn Njarðvík. „Ölvis rímur sterka: aldur og bragfræði“. *Són* 15:109–142.
- Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir. 2004. *Meyjar og völd. Rímurnar af Mábil sterku*. MA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Veturliði Óskarsson. 2003. *Middelnedertyske låneord i islandsk diplomsprog frem til år 1500*. København: C. A. Reitzels forlag.
- Wisén, Theodor. 1881. *Riddara-rímur*. (STUAGNL 4.) Kaupmannahöfn.

Miðaldarímur og útgáfur þeirra

- Andra rímur (eldri og yngri hluti)*. Uppskriftir á Árnastofnun.
- Áns rímur bogsveigis*. Ólafur Halldórsson 1973b.
- Bjarka rímur*. Finnur Jónsson 1904.
- Brönu rímur*. Uppskriftir á Árnastofnun.
- Blávus rímur og Viktors*. Finnur Jónsson 1905–1922
- Bósa rímur*. Jiriczek 1894. Ólafur Halldórsson 1974.
- Bærings rímur*. Uppskriftir á Árnastofnun.
- Dámusta rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Dínus rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Filipó rímur*. Wisén 1881.
- Friðþjófs rímur*. Larsson 1893, Finnur Jónsson 1905–1922.
- Geðraunir*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Geiplur*. Kölbling 1879, Finnur Jónsson 1905–1922.
- Geirarðs rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Grettis rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Griplur*. Finnur Jónsson 1896, Finnur Jónsson 1905–1922
- Gríms rímur og Hjálmars*. Björner 1737, Finnur Jónsson 1905–1922
- Haralds rímur Hringsbana*. Ólafur Halldórsson 1973a.
- Hemings rímur*. den Hoed 1928.
- Herburts rímur*. Wisén 1881.
- Hjálmþérs rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Hrólfis rímur Gautrekssonar*. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir og Haukur Þorgeirsson 2015.
- Indriða rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922 .
- Jarlmanns rímur*. Uppskriftir á Árnastofnun.
- Jónatas rímur*. Peter A. Jorgensen 1997.
- Jóns rímur leiksveins*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Klerka rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Konráðs rímur*. Wisén 1881.
- Króka-Refs rímur*. Pálmi Pálsson 1883.
- Landrés rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Lokrur*. Finnur Jónsson 1896, Finnur Jónsson 1905–1922.
- Mábilur rímur*. Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir 2004.
- Mágus rímur*. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Ormars rímur*. Haukur Þorgeirsson 2013.





- Ólafs ríma Haraldssonar. Munch og Unger 1847, Guðbrandur Vigfússon 1883, Finnur Jónsson 1905–1922.
- Rauðúlfs rímur. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Reinalds rímur. Uppskriftir á Árnastofnun.
- Sálus rímur og Níkanórs. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Sigmundar rímur. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Sigurðar rímur fóts. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Sigurðar rímur þögla. Þorvaldur Sigurðsson 1986.
- Skáld-Helga rímur. Finnur Magnússon og Rafn 1838, Finnur Jónsson 1905–1922.
- Skikkju rímur. Cederschiöld og Wulff 1877, Finnur Jónsson 1905–1922.
- Skíða ríma. Maurer 1871, Guðbrandur Vigfússon 1883, Finnur Jónsson 1905–1922
- Skógar-Krists rímur. Sólveig Ebba Ólafsdóttir 2006.
- Sturlaugs rímur. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Svöldrar rímur. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Sörla rímur. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Úlfhams rímur. Finnur Jónsson 1905–1922. Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001.
- Vilmundar rímur viðutan. Ólafur Halldórsson 1975.
- Virgiless rímur. Kölbíng 1876, Finnur Jónsson 1905–1922
- Völsungs rímur. Möbius 1860, Finnur Jónsson 1896, Finnur Jónsson 1905–1922
- Þjófa rímur. Guðrún Jónsdóttir 2006.
- Brymlur. Möbius 1860, Finnur Jónsson 1896, Finnur Jónsson 1905–1922.
- Brændlur. Finnur Jónsson 1905–1922.
- Þóris rímur háleggs. Uppskriftir á Árnastofnun.
- Ölvis rímur. Uppskriftir á Árnastofnun.

Upptalning á ungum einkennum í miðaldarímum

- Reinalds rímur: *finn* – VII.18.
- Máðilar rímur: *e/é* – V.2.
- Geðraunir: stytting – VI.69, XII.71; *e/é* – II.14.
- Dámusta rímur: afkringing – IV.1.
- Geirarðs rímur: stytting – IV.33; *e/é* – I.1.
- Skáld-Helga rímur: *e/é* – V.9, VII.17.
- Dínus rímur: *e/é* – III.12.
- Friðþjófs rímur: stytting – IV.54; *e-é* – I.55.
- Haralds rímur: afkringing – I.10; ia-stofnar – III.29.
- Völsungs rímur: stytting – V.6.
- Klerka rímur: *e/é* – IV.11, IV.39.
- Blávuss rímur: *e/é* – II.5, VI.51, VII.1; *finn* – VIII.7.
- Brændlur: *e/é* – I.26, II.19.
- Filippó rímur: stytting – V.28, V.62; *e/é* – III.39, V.8.
- Ölvis rímur: stytting – IV.30, V.33, VI.33; *e/é* – V.23.
- Sigurðar rímur fóts: *e/é* – I.6, IV.7, V.33, VI.1.
- Gríms rímur: stytting – II.14; *e/é* – I.28.
- Sálus rímur: stytting – II.30, IV.34, IV.43, IV.53, X.21, XI.21; *e/é* – II.23, IV.53, IV.65, V.38.





- Hjálmþérs rímur*: stytting – I.81, III.13, VIII.10, VIII.33; *e/é* – VI.31, VIII.33, IX.30; afkringing III.11, X.31; hrynræn frávik – II.26.
- Andra rímur* (eldri hluti): stytting – II.4, II.14, II.75, VIII.57, VIII.78, XI.67; *e/é* – I.3, I.4, V.6, VI.19, VI.70, VIII.78; afkringing – VII.19, IX.26.
- Úlfhams rímur*: *e/é* – III.7, IV.34, V.4, V.12.
- Virgiless rímur*: *e/é* – II.6; hrynræn frávik – I.26.
- Sigurðar rímur þögla*: stytting – III.57, V.2, IX.32, IX.38; *e/é* – III.30, III.41, VI.47, IX.32, IX.38, X.8, XI.10; hrynræn frávik – I.38; finn – VIII.29.
- Sturlaugs rímur*: stytting – I.2, III.7, IV.11, IV.17, VII.44; *e/é* – V.7, VI.16, VII.43, VII.65.
- Bærings rímur*: stytting – VIII.40, X.16; *e/é* – VIII.40, XII.14; finn – VII.4.
- Konráðs rímur*: stytting – III.52, V.30, V.47, VIII.25; *e/é* – I.4, VII.35; afkringing – II.34, III.58, IV.16, IV.49, VIII.3; hrynræn frávik – IV.44, V.19.
- Brymlur*: stytting – I.20.
- Grettis rímur*: stytting – III.10, III.24, VI.4, VI.33, VI.56, VIII.7, VIII.10, VIII.21, VIII.26, VIII.27; *e/é* – II.40, IV.8, VII.24; ia-stofnar – IV.45.
- Jóns rímur leiksveins*: stytting – I.54, III.39; afkringing – I.52, II.11.
- Ormars rímur*: stytting – III.10 (tvisvar); afkringing – I.25, II.23, III.30, IV.18, IV.25.
- Lokrur*: stytting – III.19, IV.9; afkringing – III.24, III.29; hrynræn frávik – II.9.
- Svöldrar rímur*: stytting – II.6, II.23, II.24, III.12, III.28 (tvisvar), IV.32.
- Mágus rímur*: stytting – III.1, V.14, VI.36, VIII.33; *e/é* – II.13, II.15, II.61, II.73, III.4, IV.60, VI.36, VI.57, VI.72, VII.33, IX.14, IX.25, IX.54, IX.76; finn – IX.47.
- Bjarka rímur*: stytting – I.34, II.34, VIII.6; *e/é* – V.17, VIII.28; afkringing – II.33; hrynræn frávik – VI.22; finn – I.4, III.3, III.14, III.17, III.48, IV.15, V.33, VI.20.
- Ektors rímur*: stytting – I.7, II.11, III.48, IV.17, IV.32, IV.36, IV.41, V.17, VIII.4, VIII.30, VIII.32, X.27, X.74, X.76, XI.11, XI.14, XII.43, XII.79; *e/é* – II.42, II.58, III.6, III.8, III.16, III.17, IV.10, IX.12, X.27, X.62, XII.43; *ve > vö* – I.11, II.5; hrynræn frávik – XII.51.
- Hrólfs rímur Gautrekssonar*: stytting – II.36, III.51, IV.18, IV.35; *e/e* – I.3, II.53, V.22; afkringing – I.15, I.40; hrynræn frávik – I.57, II.1.
- Skíða ríma*: stytting – 70, 120, 167, 173, 192; *e/é* – 13; afkringing – 121; finn – 3, 18, 22, 114.
- Króka-Refs rímur*: stytting – I.25, II.3, II.11, IV.3, IV.24, IV.44, V.12, V.24; *e/é* – I.62, II.3, IV.44, VI.20, VII.24, VII.39, VII.42, VIII.25; afkringing – I.52, II.62, VII.58; hrynræn frávik – I.55, I.60, II.61, III.4., IV.49, VI.49, VII.33, VII.39, VIII.29.
- Landrés rímur*: stytting – II.9, II.53, II.61, II.98, III.13, III.14, III.34, III.46, III.53, IV.39, VI.8, VI.23, VI.29, IX.22, IX.34, IX.81, IX.95; *e/é* – I.7, II.23, III.35, III.67, VI.29, VII.13, VII.48, VIII.15, VIII.31, IX.13, IX.22, IX.34, IX.66, IX.76; afkringing – II.8, VI.6, VI.30; finn – VI.9, VIII.29, IX.98.
- Andra rímur* (yngri hluti): stytting – XI.67, XII.4, XII.35, XII.4; *e/é* – XII.8, XII.21, XII.23, XII.37, XIII.2, XIII.16, XIII.27; afkringing – XII.48; finn – X.49, XII.16, XII.23, XII.39.
- Þjófa rímur*: stytting – I.14, II.47, III.14, III.54, III.62, IV.2; *e/é* – I.67, III.30, III.46, III.52, III.60, III.62, IV.4, IV.16; afkringing – I.39, I.71; finn – I.30, IV.15, IV.24; strax – II.32.
- Bósa rímur*: stytting – I.20, II.44, II.85, II.86, III.9, IV.34, IV.36, VI.51, VIII.52, IX.12, IX.25, IX.30, IX.35, IX.63, X.19, X.21; *e/é* – II.37, II.77, III.9, IV.15, IV.25, IV.45, V.23,





- VI.6, VI.23, VI.33, VI.35, VI.43, VI.51, VII.6, VII.40, VIII.36, VIII.43, IX.30, X.25; afkringing – V.10, VII.15, IX.17; *ve > vö* – X.12; *ia-stofnar* – I.13, VII.13; *finn* – II.58, V.8, V.33, V.44, VI.72, VII.53, IX.46, X.19.
- Skikkju rímur*: stytting – I.3, I.24, I.38, II.8, II.21, II.30, III.1, III.7; *e/é* – I.22, I.38, II.33, III.40, III.76; *finn* – II.37, II.44, III.38.
- Hemings rímur*: stytting – I.9, I.30, I.52, III.23, III.29, III.72, IV.12, IV.13, IV.45, V.10, VI.21, VI.50, VI.54; *é/e* – I.38, I.42, II.51, III.29, III.35, III.73, IV.8, IV.10, IV.69, V.10, V.25, VI.60; afkringing – II.13, II.16, II.48, II.61, II.68, II.71, III.28, III.49, III.54, IV.6, V.1, VI.74, VI.91; *finn* – I.37, II.2, II.72, III.21, III.29, IV.31, IV.45, IV.49, V.30.
- Vilmundar rímur*: stytting – I.11, I.62, II.10, III.14, IV.20, IV.22, IV.36, IV.40, IV.41, VII.44, VII.59, VII.75, VII.76, IX.1, IX.11, X.3, X.5, X.36, X.49, X.67, XI.7, XI.39, XIII.30, XIII.32, XIII.46, XIII.58, XIV.5, XIV.16, XIV.20, XIV.21, XIV.22, XIV.25, XIV.35, XIV.41, XIV.47, XV.33, XVI.64; *é/e* – I.36, II.2, II.16, III.14, III.32, IV.17, IV.20, IV.61, VI.60, VII.44, VII.53, VII.59, VII.71, VII.76, VIII.8, IX.4, X.5, X.8, X.49, X.50, XIII.19, XIII.23, XIII.24, XIII.30, XIV.16, XIV.20, XIV.25, XIV.41, XIV.44, XIV.47, XVI.57; afkringing – II.3, VII.30, VII.50, XI.53, XI.69, XI.84, XII.41, XII.55, XIII.2, XIII.11, XIII.21, XIII.22, XIII.29, XIII.67, XIII.69, XIV.42, XV.1, XV.42, XVI.7, XVI.13; *ve > vö* – XI.39; *hrynraen frávik* – IV.62, VI.48, VII.78, IX.27, X.31, XIII.36, XIV.4, XIV.27; *ia-stofnar* – I.51, V.61, V.70, VI.52, VIII.50, X.61, XI.32, XI.61, XVI.56; *finn* – I.6, I.42, II.1, IV.21, V.23, V.31, VI.5; *strax* – I.60, I.65, I.68; *soddan* – I.37, VII.22, XI.23, XI.33, XV.15, XV.56.
- Bóris rímur*: stytting – II.19, V.30, VI.25, VII.8, VIII.31, VIII.43, IX.14, IX.16, IX.20, IX.33 (*tvisvar*), IX.56; *e/é* – III.18, V.1, V.8, V.22, V.28, V.37, VII.5, VII.8, VII.15, VIII.18, IX.1, IX.9, IX.33, IX.37, IX.50; afkringing – I.4, IV.25, VII.17, VIII.39; *ve > vö* – IX.13; *ia-stofnar* – III.8; *finn* – IX.2; *soddan* – V.37.
- Jarlmanns rímur*: stytting – I.5, II.17, III.36, V.49, V.54, VI.1, VI.9, VI.15, VI.55, VIII.8, VIII.17, VIII.50, IX.13, IX.39, IX.42, IX.55, IX.58, X.33, X.40, X.44, X.87, XI.10, XI.12, XI.13, XI.34, XI.61, XII.70, XII.94, XII.107, XII.121; *e/é* – I.36, II.52, II.58, III.3, III.12, III.46, IV.1, IV.35, IV.47, IV.69, V.27, V.34, V.49, V.51, V.70, VI.38, VI.45, VII.40, VIII.8, VIII.30, VIII.32, VIII.50, VIII.78, IX.10, IX.13, IX.39, IX.47, IX.58, X.8, X.19, X.44, X.61, X.63, XI.12, XI.34, XI.46, XI.61, XII.11, XII.96; afkringing – V.53, IX.9, IX.19, XI.17, XII.9; *hrynraen frávik* – VIII.67, VIII.68, VIII.76, IX.7, IX.10, IX.14, IX.22, IX.43, IX.56, X.25, XI.7, XI.19, XI.25, XI.42, XI.47, XI.48, XI.60, XI.70, XI.80, XII.44, XII.75; *ia-stofnar* – IV.44, IV.46, IV.52, IV.80, V.20, VII.58, X.32; *finn* – IV.72, V.53, VI.32, VII.59, VII.61, X.8, X.54, XII.3; *soddan* – III.31, V.54, VI.31, IX.46, X.33.
- Jónatas rímur*: stytting – II.43; *e/é* – I.47, II.39, II.43, III.6, III.13; afkringing – I.5, I.12, I.55, II.61, III.14, III.22, III.46, III.48, III.54, III.59, III.64; *finn* – III.21; *soddan* – I.2, I.50, I.58, II.32, III.8; *strax* – II.51.
- Rauðúlfs rímur*: stytting – I.1; afkringing – I.11, I.23; *hrynraen frávik* – I.20; *strax* – II.15; *soddan* – I.31.
- Skógar-Krists rímur*: stytting – I.2, II.20; *e/é* – I.1, I.20, I.21, I.62, II.16, II.22, II.23; afkringing – I.5, I.17, I.44, I.54, I.67, I.69, II.9, II.14, II.32, II.51, II.68, II.76; *hrynraen frávik* – I.70; *soddan* – II.8.



Brönu rímur: stytting – I.36, V.65, VIII.30, VIII.41, VIII.46, VIII.53, VIII.58, IX.15, IX.22, IX.37, IX.55, IX.70, X.14, X.22, X.32, X.39, XI.7, XI.10, XI.32, XI.35, XI.38, XI.53, XII.11, XII.49, XII.52, XII.53, XIV.23, XIV.26, XIV.57, XIV.84, XV.5, XV.21, XV.51, XV.53, XV.60, XV.86; *é/e* – I.1, I.36, I.43, II.13, II.21, II.51, III.31, III.34, III.41, IV.54, V.41, V.45, V.50, V.56, V.58, VIII.22, VIII.30, VIII.53, VIII.56, VIII.63, VIII.65, IX.31, IX.37, X.5, X.29, X.39, X.45, X.56, X.65, XI.24, XI.45, XI.53, XI.54, XI.68, XI.80, XI.82, XI.85, XII.32, XII.53, XIII.13, XIV.9, XIV.34, XIV.37, XIV.41, XIV.57, XIV.58, XIV.76, XIV.78, XIV.84, XIV.85, XV.5, XV.32, XV.43, XVI.12, XVI.36; afkringing – I.6, I.15, I.29, I.41, II.47, III.6, III.8, IV.2, IV.22, IV.46, V.5, V.40, VI.2, VI.7, VI.30, VII.2, VII.15, VII.17, VII.47, VII.54, VII.59, IX.2, IX.8, IX.44, IX.48, IX.58, IX.71, X.85, X.92, XI.4, XI.5, XI.13, XI.42, XII.5, XII.15, XII.49, XII.73, XIII.20, XIII.36, XIII.51, XIII.56, XIV.5, XIV.39, XV.6, XV.14, XV.20, XV.22, XV.33, XV.42, XV.70, XV.71, XV.74, XV.84, XVI.3, XVI.9, XVI.36, XVI.42, XVI.48; *ve > vö* – II.54, IX.70, XI.36; hrynraen frávik – II.23, XIV.3; *ia*-stofnar – VI.15; *finn* – I.51, IV.5, IV.33, IV.38, V.3, VI.65, VII.27, VII.51, VII.68, VII.70, VIII.5, VIII.46, VIII.58, IX.36, IX.38, X.88, XI.49, XI.69, XI.73, XII.5, XIII.14, XIII.35, XIII.50, XIV.6, XIV.13, XV.30, XV.51, XV.71, XV.80, XV.87, XVI.37, XVI.39, XVI.50; *strax* – I.33, I.47, II.47, V.65, V.71, VII.3, VII.35, VII.72, VIII.37, XI.78, XIII.66, XIV.81, XV.52; *soddan* – II.43, XI.17, XIII.26, XVI.47.

ENGLISH SUMMARY

MIEVEAL ICELANDIC *RÍMUR* — DATING AND AUTHORSHIP

Keywords: *Rímur*, dating, stylometry, authorship, Middle Icelandic

The article aims to place the dating and authorship of medieval Icelandic *rímur* on more secure footing. Table 1 presents a relative chronological ordering of 59 medieval *rímur* cycles based on the frequency of 9 linguistic criteria. Each criterion is demonstrably associated with a relatively young age. The oldest *rímur* cycles, thought to date from the 14th century, show none of these traits or only sporadic examples which may be the result of imperfect preservation. *Rímur* composed in the 16th century show a high frequency of the young traits.

The dating criteria are 1) rhyme which shows the loss of long final consonants in forms such as *berr*, *stórr*, *fúss* and *skínn*, 2) rhyme between *é* and *e*, 3) rhyme which indicates the merger of *y*, *y* and *ey* into *í*, *i* and *ei*, 4) rhyme which shows the vowel change *ve > vö*, 5) rhyme which indicates the prosodic changes which Icelandic seems to have undergone in the 16th century, including the great quantity shift and the apparent loss of tonal opposition, 6) rhyme which shows inflection changes in *ia*-stem nouns, and finally the presence of the loanwords 7) *finn*, 8) *svoddan* and 9) *strax*.

Only a few of the medieval *rímur* are attributed to named authors and some of these attributions are found in unreliable 17th century sources. Scholars have fur-



ther added suggested connections between particular *rímur* cycles based on common features. The article uses stylometry to test such attested or proposed connections and add new suggestions. There is stylometric evidence to support the following attributions:

Vítulus vates: *Friðþjófs rímur* and *Völsungs rímur*

Sigurður blindur: *Máðilar rímur* and *Reinalds rímur*

Rögnvaldur blindi: *Brönu rímur*, *Skógar-Krists rímur* and *Jónatas rímur*

Ormur: *Vilmundar rímur* and *Jarlmanns rímur*

To get valid stylometric measurements of the closeness between the various *rímur* it was necessary to apply a unified spelling convention to every text. I have made the resulting corpus with modern Icelandic spelling publicly available.

